

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands

13. maí 2023

Fundargerð

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn laugardaginn 13. maí 2023 í húsi Krabbameinsfélags Íslands, Skógarhlíð 8, Reykjavík kl. 13-14:45.

Valgerður Sigurðardóttir formaður Krabbameinsfélags Íslands (KÍ) setti fundinn og bauð gesti velkomna. Hún lagði til að Kristján B. Thorlacius yrði fundarstjóri og Raketl Yr Sigurðardóttir yrði fundarritari. Það var samþykkt.

Kristján tekur við sem fundarstjóri og fer yfir lögmæti fundarins og boðun hans og úrskurðarfundinn lögmætan.

Gengið er til dagskrár.

Fundarstjóri óskaði heimild fundarins til að umræður og atkvæðagreiðslur varðandi dagskrárlíð 1 og 2 færu fram samhliða og var það samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið starfsár.

Valgerður Sigurðardóttir byrjar á að minnst Jóhannesar Tómasson blaðamanns og heiðursfélaga sem lést 28. október 2022.

Hún fer yfir starf stjórnar KÍ á liðnu starfsári. Haldnir voru 10 stjórnarfundir og almennt var vel mætt á fundi. Hún þakkar fráfarandi stjórnarmeðlimum fyrir starfið og óskaði þeim góðs gengis í framtíðinni.

Í árslok voru 32 starfsmenn hjá KÍ í 26.6 stöðugildum, deildir félagsins eru fimm. Hún þakkaði starfsfólki KÍ og aðildarfélagana fyrir vel unnin störf.

Á síðasta starfsári vann stjórn félagsins að þessum baráttumálum.

- Að byggð verði ný dagdeild blóð- og krabbameinslækninga á Landspítalanum með stuðningi frá KÍ.
- Að skipulögð verði skimun í ristli og endaparmi.
- Að stjórnvöld vinni samkvæmt virkri krabbameinsáætlun, setji tímasett og fjármögnuð markmið í samstarfi við hagsmunaðila.
- Að sett verði gæðaviðmið í þjónustu við fólk með krabbamein.
- Tryggt aðgengi að þjónustu, draga úr áhrifum fjárhagslegs og félagslegs ójöfnuðar.
- Að efla samstarf vísindamanna og heilbrigðisstarfsfólks.

Öll þessi verkefni eru unnin sem langtímaverkefni.

Hún fór yfir að landlæknisembættið hefur endurnýjað samning við KÍ um rekstur krabbameinsskrár. 10 vísindagreinar sem starfsmenn félagsins komu að voru birtar á árinu og fór Valgerður yfir þau rannsóknarverkefni sem hafa verið og eru í gangi. Vísindasjóður KÍ úthlutaði í sjötta sinn úr sjóðnum, þrettán rannsóknir hlutu styrki og var úthlutað 68 milljónum króna.

Valgerður fór stuttlega yfir aðildarfélögin, sem eru orðin 26. Stjórn KÍ hefur samþykkt aðild Brakkasamtakanna og bíður það samþykktar aðildarfundar. Á árinu var veitt 33 milljónum frá Velunnurum KÍ til reksturs og verkefna 12 félaga.

Minntist á Styrkleikana sem haldnir voru í fyrsta skiptið á Selfossi og vonast til að sjá viðburðinn á fleiri stöðum á næstu árum.

R45
KBS



Fór yfir stöðu Velunnara KÍ sem eru í lok árs 2022 tæplega 19.000, það er stærsti fjárhagslegi burðarásinn. KÍ stendur fyrir Mottumars og bleiku slaufunni sem hafa gengið vel og eru að styrkjast á milli ára.

Krabbameinsgáttin hefur verið tekin í notkun á dag- og göngudeild blóð og krabbameinslækninga í nóvember 2021. Krabbameinsgáttinni er ætluð til stuðnings sjúklingum í heimahúsi og er hluti af rafrænni sjúkraskrá landsmanna í Sögu og Heilsuveru. Það hefur gefið góða raun en glímir við einhvern vanda og því áframhaldandi þörf á verkefnastjórnun til að þróa verkefnið áfram.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram.

Helgi Björnsson, fjármálastjóri KÍ, lagði fram ársreikninga KÍ.

Félagið stendur vel. Ytri aðstæður vegna stríðs í Úkraínu, verðbólga og breytingar á mörkuðum vegna þessara ytri aðstæðna hafa haft áhrif á afkomu félagsins og hefur bókfærð lækkun á verðbréfaeign félagsins haft þau áhrif að afkoma félagsins er neikvæð á árinu 2022. Afkoman af rekstri félagsins var hins vegar góð, tekjur hærrí en árið á undan og afkoma án fjármagnstekna og fjármagnsgjalda var jákvæð um nærri 15 milljónir, sem er viðsnúningur frá fyrra ári. Bætt afkoma var bæði af Bleiku slaufunni og Mottumars á árinu 2022. Kostnaður vegna launa hefur aukist vegna launahækkanna. Starfsfólk hefur unnið að því að endursemjja við viðsemjendur sína sem hefur skilað sér í lægri kostnaði og skilar félagið hagnaði af starfseminni.

Helgi svaraði spurningum úr sal.

Ársskýrsla og ársreikningar voru lögð fram til samþykktar og voru samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. Skýrslur aðildarfélaganna lagðar fram til kynningar.

Skýrslur aðildarfélaganna eru aðgengilegar á vef félagsins og lagði fundarstjóri til að ekki yrði fjallað um þær sérstaklega á fundum. Fundargestir voru hvattir til að kynna sér efni þeirra á netinu og var það samþykkt.

4. Kynning á starfs- og fjárhagsáætlun til tveggja ára.

Helgi Björnsson, fjármálastjóri KÍ, kynnti starfs- og fjárhagsáætlun.

5. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

6. Stjórnarkjör

Jón Þorkelsson gerði grein fyrir tillögum uppstillingarnefndar til stjórnarkjörs. Samkvæmt lögum félagsins skal í ár kjósa formann, þrjá stjórnarmenn og tvo varamenn.

Uppstillingarnefnd lagði til að Hlíf Steingrimsdóttir yrði kjörin formaður KÍ. Nefndin lagði einnig til að Hildur Björk Hilmarsdóttir, Sigríður Zoëga og Þráinn Þorvaldsson yrði meðstjórnendur til tveggja ára og að Hildur Baldursdóttir og Hlédís Sveinsdóttur yrðu varamenn til eins árs. Voru þau öll sjálfkjörin í stjórn Krabbameinsfélagsins.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.

Uppstillingarnefnd lagði til að skoðunarmenn reikninga til eins árs væru Birna Guðmundsdóttir og Jón Auðunn Jónsson, og að Ólafur Dýrmundsson yrði skoðunarmaður til vara í eitt ár. Var það samþykkt.

Kristin
Rís



Fundarstjóri lagði til að PWC endurskoðendur yrði kjörnir endurskoðendur félagsins og var það samþykkt.

8. Kosning fimm manna uppstillingarnefndar

Fyrir lágu framboð í fimm manna uppstillingarnefnd KÍ. Guðjón Hauksson, Jón Þorkelsson, Ragnar Davíðsson, Sigrún Lillie Magnúsdóttir og Svanhildur Inga Ólafsdóttir. Fengu þau öll kosningu með lófataki.

9. Önnur mál

a. Samfélagsviðurkenning KÍ

- i. Valdimar Högni Róbertsson og RÚV hlutu viðurkenninguna að þessu sinni. Valdimar bjó til hlaðvarp með Krakka RÚV um hvernig það er að eiga foreldra með krabbamein.
- ii. Brakkasamtökin sóttu um aðild að félaginu., Stjórn hefur staðfest á fundi sínum að félagið uppfyllir skilyrði um aðild og leggur til að aðalfundur samþykki samtökin sem aðildarfélag KÍ. Það er samþykkt að veita félaginu aðild.
- iii. Ályktun aðalfundar KÍ

Fundarstjóri les yfir tillögu að ályktun fundarins. Valgerður Sigurðardóttir gerir grein fyrir tillögunni að því sem liggur að baki hennar. Ein athugasemd berst um framsetningu tillögunnar og lagt til að ályktunin sé færð fremst í textann. Breytingartillagan er borin undir atkvæði og er samþykkt. Ályktunin þannig breytt er borin undir fundinn og er hún samþykkt með öllum atkvæðum. Ályktunin er svohljóðandi:

- Appelsínugul viðvörðun í kortunum.

Aðalfundur Krabbameinsfélagsins haldinn 13. maí 2023 skorar á stjórnvöld að hefjast handa þegar í stað og setja á dagskrá viðbrögð við fyrirsjáanlegri fjölgun krabbameinstilvika og lifenda, með öflugri krabbameinsáætlun sem leiði til samhæfðra og markvissra aðgerða.

Félagið leggur til að áætlunin fái sérstakan sess hjá heilbrigðisráðuneytinu með ákveðinn ábyrgðaraðila sem vinni með teymi sérfræðinga og samtökum sjúklinga.

Ef unnið verður samkvæmt skýrri, tímasettri, forgangsráðaðri og fjármagnaðri krabbameinsáætlun mun ekki þurfa að grípa til neyðaráætlana. Þá getur Ísland verið í fremstu röð í baráttunni gegn krabbameinum.

Nýta má fyrirmyndir úr nýlegri krabbameinsáætlun Evrópusambandsins vegna aukningar krabbameinstilvika um 21% til ársins 2040 og áætlanir nágrannalöndanna sem fyrirmyndir.

Á Íslandi getum við alltaf átt von á náttúruhamförum. Við höfum ýmsar leiðir til að verjast þeim, byggjum varnargarða og styrkjum brýr en reynum líka alltaf að vera búin undir að bregðast við til að draga úr áhrifum af þeim. Til þess höfum við viðbragðsáætlanir. Við stillum saman strengi, deilum verkum og ábyrgð og samhæfum vinnu til að hámarka árangur aðgerða.



Almennt eru viðbragðsáætlanir teknar alvarlega og jafnvel æfðar svo ekkert fari úrskaiðis. Án þeirra er hætt við að aðgerðir séu handahófskenndar og skili litlum árangri.

Á komandi árum má búast við gríðarlegri fjölgun krabbameinstilvika, 28% fjölgun til ársins 2030 og 52% til ársins 2040. Ástæðan er fyrst og fremst breytt aldurssamsetning þjóðarinnar og fólksfjölgun.

Vegna framfara í greiningu og meðferð krabbameina mun lifendum einnig fjölga mjög mikið. Gera má ráð fyrir að þeim fjölgi úr 17.000 í dag í 23.000 árið 2030 og að þeir verði rúmlega 30.000 árið 2040. Stækkun lifendahópsins er auðvitað ekki hamfarir heldur miklar framfarir og mikið fagnaðarefni. Aukningin mun hins vegar gera gríðarlega miklar kröfur til heilbrigðiskerfisins og samfélagsins. Kerfið eins og það er í dag er ekki undir þetta búið og því verður að bregðast við.

Ólíkt náttúruhamförum er aukning krabbameinstilvika og fjölgun lifenda fyrirsjáanleg. Þess vegna þarf ekki að útbúa neyðaráætlun sem gripið er til þegar byrjar að gjósa. Við þurfum hins vegar annars konar áætlun, krabbameinsáætlun, þar sem brugðist er við fyrirfram, jafnt og þétt.

Líkt og í viðbragðsáætlunum þarf í krabbameinsáætlun að samhæfa aðgerðir, hafa tímasett markmið, skipta verkum, deila ábyrgð og tryggja fjármagn. Fyrirsjáanlegri aukningu verður að gefa sérstakan gaum og mæta með markvissum aðgerðum.

Við viljum að árangur á Íslandi sé framúrskarandi, bæði varðandi forvarnir og árangur tengdan krabbameinum, þannig að líf fólks með krabbamein og að lokinni meðferð verði eins gott og mögulegt er.

Það gildir einu hvort litið er til forvarna, meðferða, endurhæfingar eða þjónustu að lokinni krabbameinsmeðferð, alltaf þarf að vinna gegn ójöfnuði. Viðeigandi þjónusta og úrræði þurfa að vera tiltæk, aðgengileg og hagkvæm fyrir alla notendur.

Það er Krabbameinsfélaginu tilhlökkunarefni að vinna með stjórnvöldum á markvissan hátt að því að fækka í hópi þeirra sem greinast með krabbamein, draga úr dauðsföllum af völdum krabbameina og bæta líf fólks með og eftir krabbamein og aðstandenda þess.

Halla Þorvaldsdóttir framkvæmdarstjóri KÍ fær orðið og þakkar Valgerði, sem nú lætur af starfi formanns og stjórnarsetu eftir 8 ára starf. Valgerði er þakkað fyrir öflugt starf og er henni færður þakkarvottur frá KÍ.

Engin önnur mál voru rædd.

Fundarstjóri óskar eftir heimild til að fundarritari og -stjóri gangi frá fundargerð. Valgerður þakkar fundarfólki fyrir samveruna og slítur fundinum kl. 14:45.

Fundarritari: RÝS

Rakel Yfi Sigurdard.

Katja B. Thelma